

145. löggjafarþing 2015–2016.
Þingskjal 1404 — 435. mál.
3. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um almennar félagsíbúðir
og breytingartillögu á þingskjali 1391.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Á eftir 1. mgr. 5. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Geta skal veðsetningarbanns skv. 7. mgr. 16. gr. í samþykktum.
2. J-liður 8. tölul. brtt. á þskj. 1391 orðist svo: 7. mgr. orðist svo:
Óheimilt er að veðsetja almenna íbúð til tryggingar öðrum skuldbindingum en lánum sem upphaflega voru tekin til kaupa eða byggingar á henni og skuldabréfi til endurgreiðslu stofnframlaga. Þó er heimilt að veðsetja íbúðina til tryggingar á lánum sem tekin eru til endurfjármögnunar á upphaflegum lánum, enda haldist veðhlutfall óbreytt eða lækki. Við veitingu stofnframlags skal þinglýsa kvöð á íbúðina um veðsetningarbannið og um að einungis sé heimilt að nota hana í samræmi við ákvæði laga og reglna sem um stofnframlög gilda að öðru leyti.